



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Útgáfudagur 02.02.2026

Ábyrgðaraðili: Skólameistari

Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

2 Ofbeldisatvik / hryðjuverk

Hryðjuverkaárás er skilgreind hér sem hver sú árás sem beint er gegn nemendum og/eða starfsmönnum skólans af vopnuðum einstaklingum.

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar.

2.1 Almennar leiðbeiningar

1. Flýðu

- Þegar þið komið inn í rými, glöggvið ykkur á neyðarútgöngum
- Forðist árásarstað, finnið öruggt skjól fjarri honum
- Ekki kasta neinu frá þér eða fara til baka til að sækja eitthvað sem gæti vakið athygli á þér, fyrr en heimild er fengin frá þeim sem stjórna á vettvangi
- Gætið þess að fara ekki í sjónlínu árársmanns eða manna
- Ef enginn starfsmaður er nærri verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig eða hvaða leið er öruggasta flóttaleið
- Hjálpíð öðrum eftir því sem mögulegt er að komast í öruggt skjól
- Varið aðra við sem hyggjast fara inn á hættusvæðið ef það er mögulegt

2. Feldu þig

- Þessar leiðbeiningar eiga einungis við ef ekki er hægt að komast í burtu frá hættu
- Lokaðu þig inni eins fjarri árársmanni og mögulegt er, læstu hurð og settu eitthvað þungt fyrir dyrnar
- Ef enginn starfsmaður er til staðar verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig
- Slökktu á tölvum og ljósum og gættu þess að hátalarar séu ekki í gangi
- Haltu þig fjarri gluggum og leggstu í gólfíð
- Ef þú kemst ekki í lokað rými, feldu þig bak við eins sterkan flöt og mögulegt er, til dæmis steinvegg
- Slökktu á hringingu og titringi í farsímanum og gættu þess að ljós sjáist ekki frá honum
- Reyndu að róa og hughreysta samnemendur
- Hafðu hljótt og láta lítið fyrir sér fara

3. Láttu vita

- Hringið í 112 þegar þið eruð komin í öruggt skjól
- Hlýðið öllum fyrirmælum lögreglu og yfirvalda

- Ekki hlaupa að lögreglumönnum þegar þeir koma eða sýna þeim ógnvekjandi tilburði
 - Haldið höndum uppi og lófa opnum þegar þið gangið að lögreglu
 - Veitið lögreglu og starfsfólki skólans allar upplýsingar
 - Aðstoðið starfsfólk og lögreglu við að fá yfirsýn og hvar aðrir eru niðurkomnir
 - Upplýsið næsta starfsmann skólans ef um er að ræða árás eða ofbeldishegðun
- Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu

2.2 Leiðbeiningar fyrir starfsfólk

- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni. Hringja í 112 (lögreglu) og ef hægt er, setja sig í samband við stjórnendur skólans
- Meta hvort einhver er meiddur, alvarlega slasaður eða særður
- Starfsmenn þurfa að meta, út frá aðstæðum, hvort öruggara sé að rýma eða læsa að sér þegar hætta er yfirvofandi
- Helst að fela sig og nemendur í rými þar sem hægt er læsa að sér innan frá. Ef árás er yfirstandandi skal aðeins flýja ef staðsetning geranda er þekkt og útganga er auðveld og örugg fyrir nemendur
- Starfsfólk skal halda sig hjá nemendum þar til lögregla eða stjórnendur gefa fyrirmæli um til hvaða aðgerða skuli grípa
- Ekki skal setja nemendur í hendur ókunnugra
- Reynt skal að halda skrá yfir þá nemendur sem fara úr ykkar umsjá í hendur foreldra, lögreglu, annarra viðbragðsaðila. Mikilvægt er að reyna eftir fremsta megni að skrá niður tímasetningar og hver tekur við nemandanum
- Ekki velta vöngum um ástandið í samskiptum við nemendur. Vertu viss um að skilja aðstæður og hvert ástandið er áður en þú framkvæmir. Fylgja skal innri verklagsreglum um hvaða upplýsingar á að gefa út eða endurtaka
- Reynt skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Ekki spilla ummerkjum á vettvangi vegna rannsóknarhagsmuna lögreglu. Minna aðra á að hrófla ekki við neinu
- Starfsfólk sem ekki er með nemendur skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang

2.3 Leiðbeiningar fyrir neyðarstjórn skólastofnunar

- Hringja strax í Neyðarlínuna 112
- Upplýsa lögreglu um stöðu mála eins fljótt og hægt er
- Senda boð með viðvörðunarkerfi, til nemenda og starfsfólks, ef þau eru til staðar
- Stjórnendur og starfsfólks skólans verða að leggja sjálfstætt mat á hvað hægt er að gera og forgangsraða
- Meginhlutverkið er að vernda og annast nemendur
- Nýta eftirlitsmyndavélakerfi ef slíkt er til staðar
- Geyma upptökur úr eftirlitsmyndavélum
- Lögregla og viðbragðsaðilar (AST (aðgerðastjórn)) eru látnir vita hvar stjórnendur skólans eru niður komnir
- Foreldrum og öðrum aðstandendum er vísað á fyrirfram ákveðinn stað (SSA (söfnunarsvæði aðstandenda)) eða SSP (söfnunarsvæði þolenda))
- Talning á nemendum og starfsliði skólans er framkvæmd eins fljótt og hægt er og reynt að ná yfirsýn
- Vera meðvituð um að spilla ekki ummerkjum á vettvangi vegna rannsóknarhagsmuna lögreglu. Minna aðra á að hrófla ekki við ummerkjum eða rannsóknargögnum

- Reyna, eins og við á, að halda nemendum upplýstum um hvað er að gerast
- Tryggja að sömu upplýsingum verði miðlað til allra nemenda. Ef mögulegt, upplýsa nemendur í einstökum kennslustofum, ekki í stórum hópum
- Upplýsa aðstandendur, í samráði við lögreglu, eins fljótt og hægt er
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við fjölmiðla

2.4 Verklagsregla fyrir áhættumat (sniðmát)

Neyðarstjórn skólans tekur á móti tilkynningum um hótanir og annars konar ofbeldishegðun sem beinist gegn starfsfólki og nemendum. Hlutverk hennar er að útbúa atvikaskýrslur með upplýsingum úr viðtölum við alla málsaðila. Skýrslan er síðan notuð til að gera áhættumat og taka ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og næstu skref. Áhættumat gæti innihaldið eftirfarandi upplýsingar:

Nafn gerandans og tengsl við skólann eða þann aðila sem tók við hótun eða varð vitni að ofbeldishegðun

Nöfn þolenda/fórnarlamba eða hugsanlegra fórnarlamba/þolenda

Hvenær og hvar atvik átti sér stað

Hvað gerðist fyrir atvikið

Sérstakt orðalag eða orðanotkun í hótun

Sérstök háttsemi sem gæti gefið til kynna að gerandi ætli að fylgja hótunum sínum eftir

Framkoma, hegðun og háttalag þess sem bar fram hótun eða sýndi af sér ofbeldishegðun

Nöfn annarra sem tengjast atvikinu og með hvaða hætti þeir tengjast því

Hvernig lauk atvikinu

Nöfn vitna

Hvað varð um þann sem bar fram hótun eða sýndi af sér ofbeldisfulla hegðun

Hvað varð um aðra sem tengdust atvikinu

Nöfn starfsliðs skólans sem tengdist atvikinu og hver þeirra viðbrögð voru

Af hverju upphófst atvikið, hver var kveikjan

Hver er forsaga málsins

Þau skref sem hafa verið tekin til að tryggja að hótun verið ekki framfylgt, þar með talin þau inngrip sem gerð hafa verið

Tillögur að aðgerðum til að hindra að samskonar atvik komi upp aftur

Mikilvægt er að útbúa skráningarkerfi sem neyðarstjórn getur notað til að safna upplýsingum og gögnum vegna þeirra mála sem upp koma. Tryggja þarf örugga vörslu gagna og aðskilnað frá öðrum gögnum og aðgengi að þeim stýrt.